



## Fréttabréf FFA - september 2024

### FERÐIR Í SEPTEMBER

8. september: Tröllin á Glerárdal

8. september: Hálsnjúkur í Fnjóskadal

14. september: Kálfsvatn við Siglufjörð

21. september: Gengið á slóðir setuliðsins á Melgerðismelum

28. september: Krossastaðagil á Pelamörk, haustlitaferð

**Frekari upplýsingar eru á heimasíðu FFA og þar er hægt að skrá sig í ferðirnar.**

**UPPSKERHÁTÍÐ þaulans verður 26. september kl. 17 í Amtsbókasafninu.**

Nú er sumarið á enda og skálanefndir óðum að leggja í lokunarferðir. Við þökkum skálavörðum sem störfuðu hjá FFA í sumar fyrir samstarfið og þeirra vinnu og vonum að einhverjir þeirra komi aftur að ári. Stjórn FFA langar til að efla sjálfboðaliðastarfið í skálavörslu næsta sumar þannig að ef þið hafið áhuga á því þá má hafa samband við formann FFA, einhvern úr stjórn eða beint við skrifstofu FFA.

Það má segja að sumarið hafi gengið upp og ofan, veður hafa haft sín áhrif en starfið hefur verið skemmtilegt og gefandi. Nýja aðstöðuhúsið reyndist vel og veitingasalan þar er komin til að vera.

***Svo til ykkar sem eigið eftir að sækja Árbók 2024 og Ferðir. Muna að ná í þær á skrifstofu FFA. Það er allt í lagi að koma við á morgnana t.d. 16.-30. september og grípa með sér bókina. Annars er skrifstofan opin milli kl. 14 og 17 alla virka daga í september. Opnunartíminn breytist í október.***

